

Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga

**Eignarhlutur sveitarfélaga í
Lánasjóði sveitarfélaga ohf.
í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga**



Álit 1/2007
Nóv. 2007

Færsla á eignarhlutum sveitarfélaga í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Álit nóvember 2007

Forsaga

Með lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga var kveðið á um stofnun sjóðsins sem var sjálfstæð stofnun í óskiptri sameign allra sveitarfélaga á Íslandi. Með lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var kveðið á um að Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skyldi yfirtaka eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga miðað við 1. janúar 2007. Í lögum var eignarhald lánasjóðsins jafnframt skilgreint, þ.e. kveðið var á um hverjir eignarhlutir einstakra sveitarfélaga í lánasjóðnum skyldu vera. Auk þess heimiluðu löggin að ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 gæti ákveðið að færa eigið fé sjóðsins niður um allt að 3.000 milljónir króna.

Til grundvallar skiptingu hlutfjár í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. var lögð myndun eigin fjár sjóðsins frá stofnun, þannig að sá hluti eigin fjár sem myndaðist af framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs skiptist eftir íbúafjölda sveitarfélags og sá hluti sem myndaðist af öðrum tekjum að frádregnum rekstrargjöldum skiptist eftir viðskiptum við sjóðinn. Þar sem skilgreining eignarhalds á lánasjóðnum liggur nú fyrir er ljóst að hann verður ekki áfram í óskiptri sameign sveitarfélaga á Íslandi.

Í ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006, sem samþykktur var af ársfundi sjóðsins, var eigið fé fært niður um 3.000 milljónir króna. Fjárhæðin var færð til skuldar við sveitarfélögin í hlutfalli við eignaraðild þeirra. Samkvæmt stofnefnahagsreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er hlutfé hans 5.000 milljónir króna sem skiptist milli sveitarfélaganna í samræmi við fyrrnefndar reglur. Jafnframt eru í stofnefnahagsreikningi færðar til skuldar fyrrnefndar 3.000 milljónir króna. Sveitarfélög hafa fengið tilkynningu frá Lánasjóðnum þar sem fram kemur eignarhlutur þeirra og inneign vegna niðurfærslu eiginfjár sem greidd skal með

fjórum árlegum greiðslum, hinni fyrstu 1. júlí 2007.

Efnisleg umfjöllun

Lánasjóður sveitarfélaga var í óskiptri sameign allra sveitarfélaga á Íslandi fram til 31. desember 2006 þegar lög nr. 150/2006 tóku gildi. Með hliðsjón af því hefði verið eðlilegast að skilgreina sjóðinn sem „starfsemi í sameign“ fram að þeim tíma og er þá vísað til laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í samræmi við þá skilgreiningu og gildandi lög hefðu sveitarfélögin átt að beita hlutdeildaraðferð við færslu á hlutum sínum í sjóðnum fram til ársloka 2006, sbr. 40. og 81. gr. laga um ársreikninga, sbr. þó 70. gr. sömu laga.

Með skilgreiningu eignarhalds á lánasjóðnum samkvæmt lögum nr. 150/2006 er ljóst að skilyrði til að færa hluti í Lánasjóð sveitarfélaga ohf. samkvæmt kostnaðarverðsaðferð í árslok 2006 voru ekki lengur fyrir hendi. Vegna þessa átti bókfært verð eignarhluta í Lánasjóði sveitarfélaga að nema þeirri fjárhæð sem beiting hlutdeildaraðferðarinnar hefði leitt til miðað við að aðferðinni hefði verið beitt til ársloka 2006. Þá átti bókfært verð eignarhluta í Lánasjóði sveitarfélaga að svara til hlutdeildar hvers sveitarfélags í eigin fé sjóðsins, eða samtals 8.858.497 þús. krónur, þar sem miðað er við bókfært eigið fé samkvæmt ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2006, þ.e. eftir að niðurfærsla eigin fjár að upphæð 3.000 milljónir króna var færð hjá sjóðnum.

Frá og með 1. janúar 2007 telst beiting hlutdeildaraðferðar ekki lengur eiga við þar sem Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er ekki lengur „starfsemi í sameign“ í skilningi laga um ársreikninga. Skilgreining á eignarhaldi með lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006 leiðir til þess að einstök sveitarfélög hafa mismunandi atkvæðavald í málefnum sjóðsins. Vegna þessa

þurfa sveitarfélög að flokka eignarhluti sína í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem „áhættufjármuni“ meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi og bóka þá á því verði sem þeir hefðu átt að vera bókaðir á í árslok 2006, sbr. hér að ofan, að teknu tilliti til niðurfærslu ef markaðsverð eignarhlutanna er talið vera lægra en bókfært verð, sbr. 29. og 30. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Formleg ákvörðun um að færa eigið fé sjóðsins niður var tekin á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á árinu 2007. Við setningu laganna á árinu 2006 lá hins vegar fyrir að eigið fé yrði fært niður um allt að 3.000 milljónir króna, þó ekki hafi verið unnt að fastsetja fjárhæðina fyrr en við gerð ársreiknings fyrir árið 2006.

Sveitarfélög hafa ekki fært eignarhluta sinn eða hlutdeild í afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga í reikningsskilum sínum frá stofnun sjóðsins, enda var þeim það ómögulegt. Með gildistöku laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga ohf. hafa skapast forsendur til að sveitarfélög færi eignarhluti sína í Lánasjóð sveitarfélaga ohf. frá og með 1. janúar 2007. Í IV. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga er fjallað um matsreglur og í 42. gr. þess kafla er yfirskriftin: Breyting á reikningsskilaaðferð, reikningshaldslegu mati og skekkjur. Greinin hljóðar svo: „Breyti félag um reikningsskilaaðferð á grundvelli ákvæða laga, reglugerða eða reikningsskilastaðla um slíka breytingu skulu þeir liðir í ársreikningum, sem það hefur áhrif á, breytast í samræmi við nýja aðferð. Mismunurinn færast á eigið fé. Breytist samanburðarfjárhæðir til samræmis við hina nýju aðferð. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum. Ef reikningshaldslegu

mati er breytt frá fyrra reikningsári skulu áhrifin koma fram á rekstrarreikningi á því tímabili, sem matsbreytingin er gerð á, og á síðari tímabilum, ef við á. Samanburðarfjárhæðir fyrri ára haldast óbreyttar. Ef óljóst er hvort um breytingu á reikningshaldslegu mati eða reikningsskilaaðferð er að ræða skal flokka breytinguna sem matsbreytingu. Ef ársreikningur fyrra reikningsárs hefur verið rangur í þeim mæli að hann hefur ekki gefið glögga mynd skulu áhrif af leiðréttingunni færast á eigið fé í ársbyrjun og samanburðarfjárhæðir leiðréttaðast samsvarandi. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.“

Sveitarfélögin hefðu átt að beita hlutdeildaraðferð til ársloka 2006, en vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum var þeim það ómögulegt.

Niðurstaða

Í samræmi við framangreind ákvæði ársreikningalaga ber sveitarfélögum að færa leiðréttingar á bókfærðu verði eignarhlutar í Lánasjóði sveitarfélaga ohf., sem leiðréttingu á eigin fé 1. janúar 2007.

Inneign sveitarfélaga sem myndaðist vegna niðurfærslu eigin fjár sjóðsins ber að færa með sama hætti og að framan greinir til leiðréttingar á eigin fé sveitarfélaga í ársbyrjun 2007.

Þar sem upplýsingar um hlutdeild sveitarfélaga í eigin fé sjóðsins hinn 1. janúar 2006 og upplýsingar um hlutdeild sveitarfélaga í afkomu sjóðsins á árinu 2006 liggja ekki fyrir, eru ekki forsendur til þess að leiðrétta samanburðartölur ársins 2006.

Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

Dæmi um útreikning og færslur:

Forsendur:

Eignarhluti sveitarfélags	1,000%
Eigið fé sjóðsins 01.01.2007	8.858.921.497
Skuldir sjóðsins við sveitarfélög	3.000.000.000
Afvöxtunarsuðull vegna skuldar	13,500%

Til færslu hjá sveitarfélagi 01.01.2007:

Bókfært verð eignarhluta	88.589.215	Fært meðal eignarhluta í félögum
Nafnverð kröfu vegna niðurfærslu eigin fjár	30.000.000	Fært meðal langtímakrafna
Afföll kröfu	(6.525.171)	Fært á sérstakanlykil meðal langtímakrafna
Samtals	(112.064.044)	Fært á eiginfjárlykil

Greiðsluröð skuldar við sveitarfélög:

Greiðsludagur		Núvirði mv. 1. jan. 2007
1. júlí 2007	7.500.000	7.025.761
1. júlí 2008	7.500.000	6.190.098
1. júlí 2009	7.500.000	5.453.831
1. júlí 2010	7.500.000	4.805.138
Samtals	30.000.000	23.474.829

Bókhaldshreyfingar vegna skuldar á greiðslutíma:

	Nafnverð	Afföll	Hreyfing	Staða
Núvirði kröfu 1. janúar 2007	30.000.000	(6.525.171)	23.474.829	23.474.829
Vextir 1. janúar - 30. júní 2007		1.584.551	1.584.551	25.059.380
Greiðsla 1. júlí 2007	(7.500.000)		(7.500.000)	17.559.380
Vextir 1. júlí - 31. des 2007		1.185.258	1.185.258	18.744.638
Vextir 1. janúar - 30. júní 2008		1.185.258	1.185.258	19.929.896
Greiðsla 1. júlí 2008	(7.500.000)		(7.500.000)	12.429.896
Vextir 1. júlí - 31. des 2008		839.018	839.018	13.268.914
Vextir 1. janúar - 30. júní 2009		839.018	839.018	14.107.932
Greiðsla 1. júlí 2009	(7.500.000)		(7.500.000)	6.607.932
Vextir 1. júlí - 31. des 2009		446.035	446.035	7.053.964
Vextir 1. janúar - 30. júní 2010		446.035	446.035	7.500.000
Greiðsla 1. júlí 2010	(7.500.000)		(7.500.000)	0

Afvöxtunarsuðull tekur mið af markaðskúrfu áhættulausra óverðtryggðra vaxta þann 1. janúar 2007 að viðbættu hóflegu áhættuálagi.

Greiðslur færðar til lækkunar á nafnverði langtímakröfu

Vextir færðir á endurgreiðslutímanum til tekna sem vaxtatekjur og til lækkunar á afföllum

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/heimasidur/reikningsskilanefnd/nr/961>